

Lög um friðun æðarfugls, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 74.

Lög um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er biða tjón af þeim, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 75.

Lög um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysaftryggingu sjómanna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 76.

Lög um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 77.

Lög um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 78.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 19. tbl. Lögbirtingablaðsins 74 1941, um lokun Eiðisvíkur vegna hernaðaraðgerða Breta.

9. apríl

Brezku hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt að loka mestum hluta Eiðisvíkur fyrir allri umferð, með því að þar verður framvegis rannsóknarstöð fyrir skip.

Takmörk hins lokaða svæðis við Eiðisvík eru þessi:

Að norðan lína, sem hugsast dregin milli nyrztu odda Viðeyjar og Geldinganes og er lína þessi merkt með duflum, auðkenndum með hvítum og rauðum rákum.

Að sunnan lína, sem hugsast dregin frá norðurenda hafskipabryggjunnar í Viðey í réttvisandi austur og er lína þessi merkt með duflum, auðkenndum með hvítum og rauðum rákum.

Samkvæmt þessu er öllum farartækjum bönnuð umferð á framan greindu svæði. Brezku hernaðaryfirvöldin hafa tilkynnt, að sérhvert farartæki, sem fer án leyfis flotaýfirvaldanna í Reykjavík inn á hið bannaða svæði, verði skotið í kaf.

REGLUGERÐ

75

um breyting á reglugerð nr. 159 18. sept. 1940.

3. maí

1. gr.

Á eftir orðunum „rúgbrauð og hveitibrauð“ í 1. gr. reglugerðar nr. 159 18. sept. 1940, komi tvíbökur.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 8. gr. sömu laga komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tvíbökur skal selja gegn afhendingu kornvöruseðla þannig, að fyrir 500 gr. af tvíbökum komi 500 gramma kornvöruseðill.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. maí 1941.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.